

Ekki gera ekki neitt

Orkumál á Vestfjörðum

Einar K. Guðfinnsson

12. apríl 2023



Stuðlað geta að því að efla samfélagið á Vestfjörðum

- ▶ Gert er ráð fyrir að tillögur hópsins snúi að jarðhitaleit, aukinni orkuöflun, þjóðgarði á Vestfjörðum, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum, sem og eftirfylgni með tillögum sem starfshópur um raforkumál á Vestfjörðum skilaði í fyrra. Þá ber starfshópnum að hafa samráð við stofnanir og haghafa eftir því sem við á.
- ▶ Höfum lagt mikla áherslu á mikið samráð og fundi með þeim sem málið varða.

Vestfirsk rafmagnsframleiðsla

	Ástimplað afl kW	Framleiðsla 2021 MWst	Framleiðsla 2020 MWst	Meðaltal 2010-2021 MWst	Breyting % 2021 miðað við meðaltal 2020
Mjólkárvirkjun	11.200	71.925	73.510	68.281	5,34 -2,16
Þverárvirkjun	2.200	7.315	7.358	6.305	16,02 -0,58
Nónvirkjun	500	252	1.421	1.075	-76,56 -82,27
Fossárvirkjun	1.200	5.250	5.925	4.499	16,69 -11,39
Tungudalsvirkjun	700	3.717	4.993	4.642	-19,93 -25,56
Reiðhjallavirkjun	520	1.615	1.900	1.820	-11,26 -15,00
Blævardalsárvirkjun	300	1.625	1.628	1.527	6,42 -0,18
Mýrarárvirkjun	60	362	371	295	22,71 -2,43
Samtals eigin virkjanir	16.680	92.061	97.106	88.444	4,09 -5,20
Bændavirkjanir	4.806	21.933	23.194	21.662	1,25 -5,44
Samtals virkjanir á Vestfjörðum	21.486	113.994	120.300	110.106	3,53 -5,24

Kyndistöðvar - raforka og olía

KYNDISTÖÐVAR

	Árið 2021 - Orkunotkun							2020
	Uppsett afl		Afltoppur					Orkunotkun
	Oliukatla MW	Raforka MW	Raforka MW	Olía MWst	Raforka MWst	Borholur MWst	Samtals MWst	Samtals MWst
Skutulsfjarðareyri	10,0	10,0	7,48	733	39.700		40.433	42.165
Holtahverfi, Ísafirði	3,0	2,4	1,47	38	7.692		7.729	7.769
Bolungarvík	3,0	3,0	2,43	133	12.872		13.005	13.034
Patreksfjörður	3,0	3,0	2,75	749	13.956		14.705	15.085
Flateyri	2,0	1,2	1,02	72	5.394		5.466	5.108
Suðureyri	3,0	1,2	0,78	55	3.675	3.182	6.912	7.132
Samtals	24,0	20,8	15,93	1.781	83.288	3.182	88.251	90.293

Skýrsla starfshóps um raforkumál á Vestfjörðum



Hvað þarf að gera?

“Er það niðurstaða hópsins að til þess að að bæta afhendingaröryggið á Vestfjörðum og tryggja nægilegt afl, ásamt því að auka kerfisstyrk, sé nauðsynlegt að vinna að úrbótum og verkefnum sem snerta nánast alla hluta raforkukerfisins. Þar er átt við meginflutningskerfið, svæðisbundna flutningskerfið, dreifikerfið og síðast en ekki síst orkuframleiðslu innan svæðisins, auk jarðhitaleitar. “

80% aukning á aflþörf fyrir árið 2030

- ▶ Við höfum sex ár til að ljúka við þetta risavaxna verkefni
- ▶ Heildaraflþörf í dag: 44 mw - megawatt
- ▶ Orkuskiptin ein og sér: 15 mw
- ▶ Fólksfjölgun, aukning í atvinnulífi ofl: 12 mw
- ▶ Kalkþörungar: 8 mw
- ▶ Alls: 79 mw.
- ▶ Rafmagnsframleiðsla á Vestfjörðum er núna um 21 mw, innan við hamingur þess sem við þurfum núna og um fjórðungur af þörfinni í nánustu framtíð.
- ▶ *Ef rafkynntar hitaveitur kæmust að þremur fjórða hluta á jarðhita mætti minnka aflþörfina um 12 mw. - Það er þó ennþá bara fugl í skógi og ekki fast í hendi.*

Petta reddast... - Nei þetta reddast ekki

- ▶ Verkefnið er óumflýjanlegt.
- ▶ Við þurfum að auka raforkuöryggi.
- ▶ Við þurfum aukna orku.
- ▶ Við þurfum að hætta að nota jarðefnaeldsneyti.
- ▶ Við getum ábyggilega stuðlað að betri orkunýtingu fólks og fyrirtækja.
- ▶ En það breytir ekki stóru myndinni.
- ▶ Við blasir 80% aukning á aflþörf á allra næstu árum.

- ▶ *Höfum í huga:*
- ▶ *Létta leiðin ljúfa að þessu markmiði er ekki fyrir hendi.*

Ekki alveg í fyrsta skipti...

138. löggjafarþing 2009–2010.
Þskj. 23 — 23. mál.

Tillaga til þingsályktunar

um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Ásbjörn Óttarsson, Guðbjartur Hannesson,
Gunnar Bragi Sveinsson, Ólína Þorvarðardóttir,
Guðmundur Steingrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera tímasetta áætlun um að bæta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Sérstaklega verði hugað að möguleikum á aukinni raforkuvinnslu á Vestfjörðum, svo sem með byggingu Hvalárvirkjunar og stækkun Mjólkárvirkjunar, auk annarra virkjunarkosta.

5. október 2009

“Síðan eru liðin all mörg ár”, eins og segir í frægu dægurlagi

Starfshópur um raforkumál á Vestfjörðum 2012

Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri, formaður
Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar
Eyrún Linnet, sérfræðingur, Landsneti
og síðar í stað hennar,

Árni Jón Elíasson, sérfræðingur, Landsneti

Guðmundur V. Magnússon, framkv.stjr. Íslenska
kalkpörungafélagsins.

Kristín Hálfhánsdóttir, rekstrarstjóri Landflutninga/Samskips

Kristján Haraldsson, orkubússtjóri

Oddný S. Þórðardóttir, oddviti Árneshrepps

Helstu tillögur

- ▶ Samræma vegagerð og strenglagnir vegna raforkuflutnings og dreifingar.
- ▶ Skipuleg vinna með afrennsliskort til þess að greina möguleika á minni og stærri vatnsaflskostum.
- ▶ Skoðun á minni og öðruvísi virkjanakostum á Glámu hálendinu (Kjálkafjörður).
- ▶ Skoða þarf að setja löggjöf sem kveður á um skyldu um myndun vatnsnýtingarfélags á hverju einstöku vatnasvæði. Þannig er komið í veg fyrir að litlir eigendur geti stöðvað virkjanaframkvæmdir.
- ▶ Efnahagsleg og félagsleg greining á þýðingu jarðhita fyrir minni byggðarlög.
- ▶ Kanna þarf leiðir til þess að greiða niður eignastofn vegna dreifingar raforku í dreifbýli.
- ▶ Skoða betur möguleika á uppsetningu lághitavirkjana á svæðum sem eru með yfir 100°C hita.
- ▶ Frekari kortlagning á jarðhitakostum á Vestfjörðum

Þá var sú tíð...



► Varaafl: Landsnet áformar að byggja nýtt yfirbyggt 66 kV AIS (Air Insulate Switchgear) tengivirki á Bolungarvík til tengingar á 10 MW díselvaraafl í ásamt 10 MW UPS (Uninterruptable Power Supply) kerfi.

► Þetta tengivirki er einnig hugsað sem fyrsti áfangi nýs tengivirkis í Bolungavík sem leysi af hólmi núverandi tengivirki í Múrhúsalandi, sem komið er til ára sinna og er auk þess á snjóflóðahættusvæði.

Svarta gullið - Hið mikilvæga varaafli

	Ástimplað afl kW	Framleiðsla 2021 MWst	Framleiðsla 2020 MWst
Ísafjörður	4.760	4	8
Súðavík	1.550	182	88
Suðureyri	700	1	1
Flateyri	420	3	20
Þingeyri	1.950	2	155
Samtals svæði I	9.380	192	272
Bíldudalur	1.150	54	38
Patreksfjörður	4.700	342	244
Flatey	112	255	235
Samtals svæði II	5.962	651	517
Reykhólar	700	18	30
Hólmavík	1.250	27	62
Drangsnæs	420	1	4
Samtals svæði III	2.370	46	96
Reykjanes	641	17	7
Samtals svæði IIII	641	17	7
Alls	18.353	906	892

Samsvarar áfyllingu á 42 þúsund bíla

FORSÍÐA FRÉTTIR ÍPRÓTTIR AÐSENT VEÐUR OG SAMGÖNGUR ÝMISLEGT ▼ MI

Heim > Fréttir > Vestfirðir: olíunotkun fjarvarmaveitna 2,1 milljón lítrar í fyrra

FRÉTTIR

VESTFIRÐIR: OLÍUNOTKUN FJARVARMAVEITNA 2,1 MILLJÓN LÍTRAR Í FYRRA

07/03/2023



Vestfjarðastofa

Fram kemur í fundargerð stjórnar Vestfjarðastofu í janúar að olíunotkun fjarvarmaveitna á Vestfjörðum jókst úr 210 þúsund lítrum í 2,1 milljón lítra milli áranna 2021 og 2022. Er það tíföldun á olímagni milli ára.

Stjórnin fagnar því að Alþingi hafi við afgreiðslu fjárlaga fyrir 2023 samþykkt 150 milljóna króna fjárveitingu til jarðhitaleitar. Segir í nefndaráliti meirihluta fjárlaganefndar Alþingis að

Nú er öldin önnur

- Ísland er aðili að Parísarsamkomulaginu, sem gengur út á að halda hnattrænni hlýnun innan 2°C og eins nálægt 1,5°C og hægt er. Til að það geti gerst þarf að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eins hratt og mögulegt er og ná hnattrænu kolefnishlutleysi upp úr 2050.
- Íslensk stjórnvöld tilkynntu markmið um aukinn samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda í desember 2020 úr þáverandi markmiði um 40% samdrátt miðað við árið 1990 í 55% samdrátt eða meira til ársins 2030, í samfloti með ESB og Noregi.

Sem sagt: Þetta þýðir á mæltu máli að á sama tíma og orkuþörf eykst vegna vaxandi umsvifa í þjóðfélaginu ætlum við að draga verulega úr notkun mengandi orkugjafa svo sem jarðefnaeldsneytis.

Hverjir eru kostirnir?


Tvöföldun á raflínunum frá Hrútatungu/Holtavörðuheidi yfir Vestfjarðahálendið um 70 jarðir og inn á dreifikerfið á Vestfjörðum.

En vandinn er:

- ▶ “Kerfið er uppselt” -
- ▶ “Orkan er einfaldlega ekki til”
- ▶ “Raforkukerfið er uppselt”

nnlent | mbl | 19.1.2023 | 19:37

Landsvirkjun skerðir afhendingu á ný



Orkukostir á Vestfjörðum

- Hvalárvirkjun 55mw, Austurgilsvirkjun 20 - 35 mw Báðar í nýtingarflokki Rammaáætlunar.
- Kvíslatunguvirkjun 9,9 mw. Rannsóknir að hefjast. Fer í umhverfismat.
- Vatnsdalsvirkjun 20 til 30 mw.
- Jarðhiti sem gæti dregið úr virkjanapörf á vatnsfalli: Tungudalur við Skutulsfjörð, Patreksfjörður, Gálmarströnd í Strandasýslu, Árneshreppur, Hveravík við Steingrímsfjörð, Reykhólar og fl.
- Vindorka: Garpsdalur við Gilsfjörð. Gert er ráð fyrir 89 mw vindorkuveri í staðfestu aðalskipulagi Reykhólahrepps. Til umfjöllunar í næstu rammaáætlun. Samstaða í héraði.

Smávinir fagrir

Greinilegur áhugi landeigenda og sveitarfélaga á uppbyggingu smávirkjana.

18 virkjanakostir voru metnir hagkvæmir í úttekt sem gerð var fyrir Vestfjarðastofu.

Mikil óvissa svo sem um umhverfisáhrif.

Í flestum tilvikum rennslisvirkjanir án miðlunarlóns sem takmarkar ávinning til orkuöryggis.

Gæti þó verið hluti af menginu og styrkt framleiðsluna og aukið öryggi.

- Boltinn er hjá landeigendum.

Hvað nú?

Okkur er ætlað að skila af okkur verkinu 1. maí.

Þá er boltinn kominn yfir á vallarhelming stjórnvalda.

Hafa ber í huga að ströng lög og reglur gilda um alla málsmeðferð.

Rammaáætlun um stærri orkuframkvæmdir.

Umhverfismat, skipulagsreglur, aðkoma og ákvörðunarvald sveitarfélaga í skipulagsmálum, landeigendur (einstaklingar, sveitarfélög, ríkið), flókin tæknilegur undirbúningur og áfram má telja.

Það breytir því ekki að verkefnið er brýnt, ramminn er settur með áformum um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og aukinn umhverfsvitund í samfélaginu.

Ögurstundin nálgast óðfluga og öllum má vera ljóst að fæstir kostirnir sem við stöndum frammi fyrir verða óumdeildir.